

Faðirinn.

SMÁSAGA EFTIR BJÖRNSTJERNE BJÖRNSON.

Maður sá, er hér segir frá, var sá ríkasti í allri sókninni. Hann hét Þórður á Efra-Ási.

Dag einn stóð hann í stofu prestsins hljóður og alvarlegur. „Eg hefi eignast son“, mælti hann, „og vildi gjarna fá hann skírðan“.

„Hvað á hann að heita?“ — „Finnur, eftir föður mínum“. — „Og skírnarvottarnir eru?“ — Hann nefndi þá og voru þeir helztu menn og konur sveitarinnar, ættfólk hans.

„Er það nokkuð annað?“ spurði prestur og leit upp. Bóndi þagði stundarkorn. „Eg vildi helzt, að hann væri skírður út af fyrir sig“, sagði hann. — „Það er að segja á rúmhelgum degi“. — „Já, næstkomandi laugardag klukkan 12 um hádegis-bilið. — „Er það þá nokkuð fleira?“ spurði prestur. — „Ekki annað en þetta“, og bóndi setti upp húfuna, sem væri hann að fara.

Prestur stóð þá á fætur. „Það er enn eitt“, sagði hann og færði sig yfir til Þórðar, tók í hönd honum og leit framan í hann. „Guð gefi að barnið megi verða þér til blessunar“.

Að sextán árum liðnum frá þeim degi var Þórður staddur á ný í stofu prestsins. „Þú heldur þér nokkuð gott, Þórður minn“, sagði prestur, því hann sá ekki, að karlinum hefði farið neitt aftur. „Eg hefi heldur engar áhyggjur að bera“, svaraði Þórður. Prestur þagði við því, en að lístilli stundu liðinni spurði hann. „Hvert er erindi þitt í kveld?“ — „Í kveld kom eg í erindum sonar míns, er á að fermast á morgun“. — „Hann er skarpur piltur“, mælti prestur. — „Eg ætlaði ekki að borga Prestinum fyrr en eg frétti, hvar hann yrði settur“.

„Hann verður láttinn sitja efstur.“ — „Það vil eg heyra, og hér eru 10 dalir til prestsins“. — „Er það þá nokkuð fleira?“ spurði prestur og leit til Þórðar. „Annað er það ekki“, — og Þórður fór.

Nú liðu átta ár, unz að einn dag heyrðist háreysti mikil fyrir framan stofudyr prestsins, því þangað var kominn mann-